

5. fundur stjórnar AP, starfsárið 2016-2017

haldinn í Seiglu – miðstöð sköpunar á Laugum í Reykjadal mánudaginn 21. nóvember 2016 kl. 14:00

Mætt: Arnar Guðmundsson, Elías Pétursson (á Skype frá Þórshöfn) Guðmundur Vilhjálmsson og Sif Jóhannesdóttir. Einnig sat fundinn Reinhard Reynisson, framkvæmdastjóri, sem ritaði fundargerð. Aðalsteinn Árni Baldursson boðaði forföll og varamenn höfðu ekki tæk á að sækja fundinn.

Á fundi gerðist þetta:

Formaður, Sif Jóhannesdóttir, setti fund og stjórnaði honum.

1. Innri mál félagsins – bókhaldsmál og fleira

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir þeim möguleikum sem uppi eru varðandi færslu bókhalds, þ.e. útvistun eða að færa bókhaldið hjá félaginu og þá í DK en reynslan af TOK er því miður á þann veg að ekki er áhugi á því að nota það kerfi áfram.

Samþykkt að veita framkvæmdastjóra heimild til að útvista bókhaldi og launavinnslu enda verði kostnaður við það áþekkur áætluðum kostnaði við að vinna þessa verkþætti innan félagsins.

Starfsmaður sem séð hefur um bókhaldsvinnslu sem hluta af sínu starfi færist í önnur verkefni og er þar sérstaklega horft til atvinnumálakönnunar félagsins á meðan viðkomandi er í umsömdu skertu starfshlutfalli. Rætt um stöðuna varðandi ráðningu í tímabundið starf hjá félaginu. Viðræður eru í gangi við þann umsækjanda sem hæfastur var metinn, en ekki hefur verið gengið formlega frá ráðningunni ennþá.

2. Samstarf við Eyþing – aðalfundur samtakanna

Sif gerði grein fyrir umræðum á aðalfundi Eyþings um samstarf atvinnuþróunarfélaganna við samtökin, sérstaklega varðandi resktur og umsýslu með Uppbyggingarsjóði NE, sem rekin hefur verið með halla hjá samtökunum. Fyrir fundinum lá tillaga stjórnar þess efnis að minnka þetta samstarf og flytja alla umsýslu sjóðsins inn til Eyþings. Fundurinn féllst ekki á þá tillögu og samþykkti að fella nýrri stjórn að ræða við atvinnuþróunarfélögin um áframhaldandi samstarf. Boðað hefur verið til fundar aðila nk. miðvikudag til að hefja það samtal.

Stjórnin leggur áherslu á að félagið hafi áfram aðkomu að verkefnum og umsýslu uppbyggingarsjóðsins enda um að ræða mikilvæg tengsl við grasrótastarf á svæðinu sem félagið hefur sinnt í gegnum árin. Jafnframt aþrf að taka upp samtal við ríkisvaldið sé það svo að ekki sé gert ráð fyrri eðlilegum kostnaði við rekstur sjóðsins.

3. HNP bs. – fundur fulltrúaráðs 18. nóv. sl.

Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir umræðu og samþykkt fulltrúaráðs HNP bs. sl. föstudag varðandi skoðun á kostum og göllum þess að fella starfsemi félagsins undir merki byggðasamlagsins. Er framkvæmdastjórn byggðasamlagsins falið að vinna málið í samstarfi við stjórn félagsins.

Stjórnin tekur vel í hugmyndina og samþykkir að fela Aðalsteini, Guðmundi og Sif ásamt framkvæmdastjóra, að leiða þessa vinnu f.h. félagsins.

4. Kynning á starfsemi Seiglu – miðstöð sköpunar

Anita Karin Guttesen verkefnastjóri gerði grein fyrir tilurð og starfsemi miðstöðvarinnar, en hún var sett á fót haustið 2014 sem „mótvægisáðgerð“ vegna breytinga í skólamálum þegar Litlulaugaskóli og Hafralækjarskóli voru sameinaðir í Þingeyjarskóla og öll starfsemin færð í Hafralæk. Virkni verkefnisins hefur verið nokkuð mikil og kom m.a. fram að líklega verða haldnir í húsinu rétt um 100 fundir/viðbuðir á þessu ári. Starfsemin hefur með ákveðnum hætti virkað sem framlenging fyrir AP og eflt tengsl félagsins inná svæðið og kom fram í máli Anitu að hún væri mjög ánægð með þann stuðning sem félagið hefði veitt starfseminni.

Starfsemin í húsinu er nokkuð fjölpætt en þar eru nú til húsa:

- Bókasafn Reykdæla
- Þekkingarnet Þingeyinga með námsver búið fjarfundaraðstöðu
- Handverksaðstaða
- Urðarbrunnur
- Advania – ein starfsstöð
- Verkís – ein starfsstöð
- Versalir
- Heimaslóð
- HSP

Í lok máls síns setti Anita fram vangaveltur um það hve langan tíma svona starf þarf til að varanlegur árangur náist og hversu mikla krafta (mannauð og fjármuni) þurfi til. Við þessu eru engin einhlít svör en þó liggur fyrir að þróunarstarf tekur almennt langan tíma og er frekar mælt í árum en misserum

Að yfirferð Anitu lokinni voru málin rædd vítt og breitt og hennið þakkað fyrir greinargóða kynningu.

5. Samtal við fulltrúa Þingeyjarsveitar

Til fundar mættu fulltrúar Þingeyjarsveitar, Arnór Benónýsson oddviti, Árni Pétur Hilmarsson, sveitarstjórnarfulltrúi og formaður atvinnumálanefndar og Ragnar Bjarnason sveitarstjórnarfulltrúi.

Farið var yfir helstu verkefni með aðkomu sveitarfélagsins varðandi atvinnuþróun og uppbyggingu innviða. Ber þar hæðst uppbyggingu Matarskemmunnar á Laugum, skipulagsmál og uppbyggingu við Goðafoss og lagningu ljósleiðara um sveitarfélagið.

Rætt um þann mikla vöxt sem óðrið hefur í ferðapjónustunni sem bæði skapar tækifæri en tekur líka krafta frá annarri atvinnuþróun þar sem mannauðurinn er ekki óþrjótandi auðlind. Sérstaklega rætt um samspil matvælaframleiðslu og þá einkum matar úr héraði, við ferðapjónustuna. Í því samhengi væri æskilegt að nýta þann sameiginlega vettvang sem Þingeyyska matarbúrið er, bæði til samstarfs um vöruþróun en einnig til markaðssetningar.

Fundarmenn sammála um mikilvægi þess að gera starf atvinuþróunarfélagsins sem sýnilegast gagnvart frumkvöðlum og fyrirtækjum sem eru með nýsköpunarhugmyndir og/eða þurfa að bæta rekstur sinn með einhverjum hætti. Í því sambandi skipta tengsl félagsins við sveitarfélögin máli, en miðstöðvar líkt og Seigla, þar sem nærsamfélagið á vettvang sem félagið er þátttakandi í, hafa líka sýnt sig í að nýtast vel í þessu sambandi.

6. Önnur mál

Ekkert bókað undir þessum lið.

Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 15:55